



Alþýðusamband Íslands

Söguágrip

Einn af mikilvægustu áföngunum í baráttu íslenskrar verkalýðshreyfingar er kjarasamningur ASÍ og VSÍ frá 1969 um stofnun almennra lífeyrissjóða fyrir alla launamenn. Samningurinn skyldar launagreiðanda til þess að taka þátt í að greiða í lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína og tryggja þeim þannig lífeyrisréttindi við starfslok vegna aldurs eða örorku og sömuleiðis eftirlifandi maka og börnum lífeyrir við andlát. Áður en sá samningur var gerður voru einungis starfræktir lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankamanna og á almennum vinnumakaði sjóðir verslunarmanna og sjómanna og fárra annarra stétta auk þess sem starfandi voru fyrirtækjasjóðir sem aðallega tóku til fastráðinna starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Lífeyrissjóðir voru eingöngu lögboðnir hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum sem hluti af lögum um kjör þessara stétta. Almennur launamaður sem fór á lífeyrir átti hins vegar engin lífeyrisréttindi önnur en í almannatryggingakerfinu. Árið 1969 voru greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega 36 krónur á mánuði til samanburðar við meðal mánaðarlaun fullvinnandi verkamanns sem voru 214 krónur. Það var því útilokað fyrir allt almennt launafólk að sjá sér farborða af lífeyrinum einum saman.

Það var við þessar aðstæður sem verkalýðshreyfingin barðist fyrir stofnun lífeyrissjóða fyrir allt launafólk. Með kjarasamningi milli Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda frá 19. maí 1969 var gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir **söfnunar** lífeyrissjóðir á félagslegum grunni **samtryggingar** og var þeim ætlað að vera viðbót við almannatryggingarkerfið og standa undir verulega bættum kjörum lífeyrisþega sem mikil þörf var á. Til að tryggja öllum launamönnum lágmarksrétt var kveðið á um **skylduaðild** allra félagsmanna þeirra stéttarféлага sem að lífeyrissjóðnum standa og skyldu sjóðirnir veita öllum sjóðfélögum sama rétt fyrir sömu iðgjöld án tillits til aldurs við iðgjaldagreiðslu, kynferðis eða starfs. Í þessu endurspeglast hin ríka áhersla sem lögð var á að sjóðirnir störfuðu á félagslegum grunni samtryggingar. Í kjarasamningunum var einnig fjallað um iðgjaldagreiðslur í sjóðina, skipun stjórna og lágmarksréttindi sjóðféлага. Samtök launamanna og atvinnurekenda skuldbundu sig þannig í sameiningu til gæslu og ábyrgðar á rekstri sjóðanna sem skyldu vera sjálfseignarstofnanir á forræði þeirra.

Samningi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál var í reynd veitt lagagildi með löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem voru fyrst sett árið 1974. Kjarasamningurinn um lífeyrismál hefur jafnan verið framlengdur við endurnýjun almennra kjarasamninga og skoðast sem hluti þeirra. Margt hefur breyst frá stofnun almennu lífeyrissjóðanna og segja má að kerfið hafi verið í sífellldri þróun, bæði hvað varðar réttindi sjóðféлага og starfsumhverfi sjóðanna. Samningurinn um lífeyrismál var síðast endurskoðaður frá grunni með viðbótarsamningi milli ASÍ og samtaka atvinnurekenda árið 1995 þar sem grunnstoðirnar þrjár voru áréttaðar; **samtrygging**, **skylduaðild** og **sjóðssöfnun**.

Á grundvelli þessa endurskoðaða kjarasamnings náðist eftir áralanga vinnu víðtæk pólitísk sátt um framtíðaruppbyggingu íslenska lífeyriskerfisins, milli aðila vinnumarkaðarins, fjármálastofnanna og stjórnvalda sem ný heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 byggði á. Sú lagasetning miðaði að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lögin skilgreina inntak skyldutryggingarinnar og samninga um frjálsan viðbótarlífeyrissparnað, setja almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða og heimildum þeirra til fjárfestingar og kveða á um eftirlit með lífeyrissjóðum.

Árið 2000 var samið um framlög í frjálsan viðbótarlífeyrissparnað í kjarasamningum. Ákveði launamaður að spara a.m.k. 2% af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað er atvinnurekanda skylt að greiða 2% mótframlag. Samhliða þessu ákváðu stjórnvöld að heimila sérstakan skattafrádrátt, þannig að iðgjöld í viðbótarlífeyrissparnað eru, líkt og önnur lífeyrисиðgjöld, ekki skattlögd við innborgun heldur þegar kemur að útborgun lífeyris.

Með samningum um viðbótarlífeyrissparnaði varð til þriðja stoðin í lífeyriskerfi landsmanna sem byggir nú á almannatryggingum, samtryggingarlífeyrissjóðum og frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði.

